

Ed. **449. Nefndarálit** [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og m. a. sent það til umsagnar 14 aðila. Þrátt fyrir ítrekanir hafa nefndinni ekki enn borist umsagnir nema frá 5 aðilum. Hefði því nefndin þurft að eiga þess kost að hafa lengri tíma til umfjöllunar frumvarpsins. Enn fremur verður málið enn erfiðara viðfangs vegna mikils ágreinings um sum veigamikil atriði frumvarpsins. Af þessu er ljóst að frumvarp þetta getur ekki fengið nægilega meðferð á þessu þingi sem rofið verður innan fárra daga.

Með tilliti til þessa gerir meiri hluti nefndarinnar eftirfarandi tillögu til

RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Í trausti þess, að frekari endurskoðun verði gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og frumvarp um það efni lagt fram á næsta reglulegu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. mars 1983.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
form., frsm.

Karl Steinar Guðnason.

Salome Þorkelsdóttir.

Ey. Kon. Jónsson.